

Nú.

279. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Frá minni hluta bankamálanefndarinnar.

Vjer undritaðir, er kosnir höfum verið í nefnd af háttvirti neðri deild, til þess að ihuga stjórnarfrumvörp þau um bankamál, er lögð hafa verið fyrir deildina, höfum ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum vorum allskostar samdóma að því er snertir bráðabirgðarlög nr. 59 dags. 30. nóvbr. 1914, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá. er bankinn samkv. 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Oss er það ljóst, ekki síður en miklum meiri hluta á alþingi 1914, að brýn þörf er á því að auka seðlaútgáfurjett bankans. Enginn mun treysta sjer til að neita því lengur, að viðskiftaþörfin í landinu krefst aukins gjaldmiðils og aldrei hefir þetta komið betur fram en einmitt nú í sumar, því að miklu meir hefir þurft af seðlum á þessu sumri til að fullnægja viðskiftaþörfinni en nokkru sinni áður.

Landsbankinn hefir nú orðið að jafnaði alla sína seðla úti, en seðlafúlga hans (landssjóðsseðlarnir) er, eins og kunnugt er..... 750.000 kr.

Nú um mánaðamótin síðustu voru í umferð af seðlum Íslandsbanka 2,552,255 —

Af dönskum seðlum, sem bankarnir báðir hafa neyðst til að flytja hingað til lands bæði í fyrra og í sumar, mun eflaust sem stendur vera í umferð að minsta kosti..... 500,000 —

Auk þessara samtals 3,802,255 kr.

er talsvert í umferð hjer á landi af norskum og jafnvel sænskum seðlum, og er eigi ofmikið úr gert, þó það sje að minsta kosti lagt að jöfnu á við það, er bankarnir og útbú þeirra hafa átt í sjóði um mánaðamótin síðustu af þeim seðlum, sem taldir eru í umferð hjer að ofan.

Hámarkinu fyrir gjaldmiðilsþörfinni á þessu ári er þó hvergi nærri náð enn þá, því að eftir margra ára reynslu undanfarið er allajafna mest af seðlum í umferð í október og nóvembermánuðum ár hvert og ekki er útlit fyrir að öðruvísi muni verða í ár, þar sem enn eru óútluttar og að mestu óborgaðar miklar birgðir af þurkuðum saltfiski, öll síld, alt kjöt, gærur o. fl.

Með þeirri framleiðslu sem hjer á landi er orðin, sem betur fer, og hækkandi verðlagi á því nær öllum afurðum og varningi, innlendum og erlendum, mun mega fullyrða að ekki veiti af alt að 5 miljóna króna gjaldmiðli (seðlum eða peningum) til að fullnægja viðskiftaþörfinni í öllu falli að sumrinu og haustinu til. — Tjáir í þessu efni ekki að vitna í ástandið eins og það var hjer á landi fyrir 10—20 árum síðan; svo mjög hafa ástæður breyst.

Bankarnir hafa nú rjett til að setja í umferð að eins 3,250,000 kr. auk þeirrar $\frac{1}{2}$ milj. króna sem heimiluð er um stundarsakir með ofannefndum bráðabirgðalögum. — Vantar þá samkvæmt ofansögðu talsvert á aðra miljón króna gjaldmiðils og úr þessu verður að bæta, ef ekki á að hefta alla frekari framleiðslu í landinu, stöðva öll verkleg framfarafyrirtæki og koma verslun landsins í gamla vöruskifta og einokunarhorfið, og þá um leið gera verslunina sem mest erlenda, eins og áður var.

Hjá flestum öðrum síðuðum þjóðum er því svo fyrirkomíð, að bæta má úr gjaldmiðilsþörfinni á þann hátt, að banki sá eða bankar, sem til þess hafa sjerstaka heimild, mega gefa út seðla með þar til settum skilyrðum, annaðhvort eftir því sem viðskiftaþörfin krefur eða upp að einhverju hámarki, sem miðað er við viðskiftaþörfina á hlutaðeigandi stað eða landi. — En þó nú að því nær allar aðrar þjóðir hafi um mjög langt áraskeið talið þetta fyrirkomulag langbest og haganlegast til að fullnægja gjaldmiðilsþörfinni, þá má að visu hugsja sjer fleiri leiðir, ef þær þá reynast færar. Það má t. d. bjóða svo fyrir — og á þeirri hugsun hefir bólað hjá einstaka manni á landi hjer — að ekki megi setja í umferð af innlendum seðlum nema nokkurn hluta þess gjaldmiðils sem viðskiftaþörfin krefur, hitt skuli vera í gulli, silfri eða þá erlendum seðlum. En það er ofboð hætt við því, að á slíku fyrirkomulagi reyndust hjer á landi, ekki síður en annarstaðar, allmargir og stórir agnúar, og víst er um það, að eins og nú er ástatt er þessi leið ófær með öllu og óframkvæmanleg að því er myntaða peninga snertir.

Myntaða peninga, sem gjaldgengir eru hjer á landi, er eigi unt að útvega frá útlöndum vegna útflutningsbanns þar, meðan á stríðinu stendur. Um þá leið getur því að svo stöddu eigi verið að ræða og þarf því eigi að þessu sinni að fara frekar út í þá hlið málsins.

Með erlendum seðlum er ekki ókleift — þó illkleift sje nú — að bæta úr gjaldmiðilsþörfinni, að svo miklu leyti sem erlendir seðlar hafa gjaldgengi í landinu. En á því getur leikið nokkur efi, hvort sú aðferð að flytja inn í landið stærri eða minni fúlgju af erlendum seðlum til takmarkalausrar umferðar, ekki komi í bága við rjett Íslandsbanka samkvæmt 8. gr. laga 10. nóvbr. 1905. — En þó nú að bankinn ljeti, eins og hann hingað til hefir gert, umferð allra erlendra seðla — aðallega danskra seðla — óátalda og tæki þá jafnvel í umferð sjálfur, þá má fyrst og fremst benda á það, hve ósanngjarnlegt það er við sjálfstæðis- og þjóðræknisstefnu vor Íslendinga að kosta, alveg að óþörfu, miklu fje til þess að hafa danska seðla í umferð, þó að vjer höfum fullan rjett á — eius og allar aðrar þjóðir gera — að útrýma umferð erlendra seðla með útgáfu innlendra seðla, og njóta þannig sjálfir hagsmunanna af seðlaútgáfurjettinum.

Þá er hitt eigi síður athugavert, hve miklu dýrara það er að útvega og setja í umferð danska seðla en innlenda. Sjerstaklega er þess að gæta, að flutn-

ingur hingað til lands á dönskum seðlum er mjög örðugur og kostnaðarsamur, meðan á stríðinu stendur.

Á það þarf að sjálfsögðu eigi að benda, að þess dýrari og örðugri sem útvegur á nauðsynlegum gjaldmiðli er í einhverju landi, þess dýrari verður peningaleigan þar, 3: vextir hækka af öllum lánnum.

Eini vegurinn sem hjer virðist nokkurn veginn fær til þess að bæta úr hinni ómótmælanlegu gjaldmiðilsþörf, og sem jafnframt er að voru álitu eðlilegasti og sjálfsagðasti vegurinn, er sá, að rýmka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, er einn hefir, samkvæmt nýnefndum lögum 10. nóv. 1905, rjett til seðlaútgáfu hjer á landi um víst árábil — annaðhvort þannig að bankinn megi, með vissum skilyrðum, gefa út seðla eftir því sem viðskiftaþörfin krefur eða þá upp að einhverju því hámarki, sem segja má um að fyrirsjáanlegt sje að viðskiftaþörfin og gjaldmiðilsþörfin krefjist.

Hefði oss þótt rjettast og heppilegast að stjórnin hefði undirbúið málið á þessum grundvelli og borið fram lagafrumvarp i þessu efni.

Þrátt fyrir þessa skoðun vora, er vjer þannig höfum lýst, getum vjer í þetta sinn, eins og allar ástæður eru nú, látið oss nægja að leggja það til við hina háttvirtu deild, að hún samþykki ofanefnd bráðabirgðalög frá 30. nóv. f. á. með þeirri breytingu á 1. gr. laganna, að heimildin gildi til loka nóvembermánaðar 1917, og að aukningin á seðlaupphæðinni sje bundin við heila miljón króna en ekki hálf, því að við lægri upphæð en eina miljón króna teljum vjer með engu móti hættulaust að binda seðlaaukninguna, ef ekki á að horfa til stórvandræða með alt viðskiftalíf i landinu, en við því teljum vjer skyldu þingsins að sporna.

Alþingi 9. ágúst 1915.

H. Hafstein. Jón Magnússon. Sigurður Gunnarsson.